



Alþingi - Nefnda- og greiningarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2023
Tilvísun: 2023100160/50.12

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (innihaldsefni, umbúðir o.fl.),
226. mál**

Vísað er til erindis nefnda- og greiningarsviðs Alþingis dags. 29. september 2023 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (innihaldsefni, umbúðir o.fl.), 226. mál

Með fyrri umsögn, dags 18. Janúar 2023, benti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur á að í núgildandi 11. mgr. 8. gr. laga nr. 6/2022 sé kveðið á um að leyfi til þess að selja tóbak í smásölu verði “einungis veitt einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu”. Á fyrri stigum gerði frumvarpið ekki gerir ráð fyrir að þessu skilyrði yrði breytt þrátt fyrir að lög um verslunaratvinnu nr. 28/1998 hafi verið felld úr gildi skv. 10. gr. laga nr. 27/2021. Þetta hefur nú verið lagað með tillögu að breyttri 8. gr. á þann veg að gert sé ráð fyrir að leyfi verði einungis veitt lögaðilum á tilteknum sölustað og gert ráð fyrir að ráðherra muni setja nánari skilyrði með reglugerð.

Hins vegar verður ekki séð að brugðist hafi verið við athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi reglur um fjarsölu innanlands. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur orðið vart við aukna ásókn í leyfi til tóbakssölu á netinu (fjarsölu) og telur nauðsynlegt að setja reglur um slíka fjarsölu þó hún fari ekki yfir landamæri. Við gildistöku eldri laga frá 2002 var fjarsala ekki inni í myndinni og af þeim sökum engar reglur settar um slíkt sölufyrirkomulag. Nú þegar fjarsala á netinu hefur sótt í sig veðrið er þörf á að skýra hvort slík sala sé heimil innanlands. Einnig er ítrekuð fyrri athugasemd þess efni að ef til stendur að heimilda fjarsölu á tóbaki innanlands þarf að vera skýrt hvaða skilyrði skuli uppfylla til þess að viðkomandi einstaklingur eða lögaðili fái leyfi til að selja tóbak í fjarsölu en einnig þarf að setja skýran ramma um það hvernig tryggt verði að ákvæðum laganna verði fylgt í fjarsölu, t.a.m. hvernig koma megi í veg fyrir að einstaklingar undir 18 ára aldri geti keypt tóbak í gegnum slíka sölu og hvernig tryggja megi sýnileikabann sbr. 6. mgr. 7. gr. laganna.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Rósa Magnúsdóttir
deildarstjóri Umhverfiseftirlits